

AUGLÝSING

93

22. júní

um breyting á samþykkt fyrir Vatnafélag Mýrahrepps, Austur-Skaftafellssýslu,
nr. 206 4. des. 1951.

10. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Nú þykir ráðlegt eða nauðsynlegt að slita félagsskapnum og fer þá um tillögur þar að lútandi, sem um tillögur til breytinga á samþykkt þessari, sbr. 4. gr., enda staðfesti atvinnumálaráðherra samþykkt um félagsslitin.

Auglýsing þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast þegar gildi.

Atvinnumálaráðuneytið, 22. júní 1955.

Steingrímur Steinþórsson.

Forv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

94

23. júní

um niðurfærslu aðflutningsgjalda.

Fjármálaráðuneytið hefur, með hliðsjón af heimild í athugasemdaákvæðunum í upphafi XV. flokks tollskrár, ákveðið að færa niður aðflutningsgjöld af eftirgreindri vöru þannig, að gjöldin af henni verði eins og að neðan greinir, og að hún flokkist þannig:

Tollskrá:

Kafli Nr.

		Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
66	11—(1) Túbur úr alúmíníum og alúmíníumlegeringum	1 kg	7	8

Ofangreind aðflutningsgjöld skulu innheimt með viðaukum samkvæmt lögum, sbr. lög nr. 92/1954, um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

Fjármálaráðuneytið, 23. júní 1955.

F. h. r.

Sigtr. Klemenzson.

Sigurður Áskelsson.